

Fundur í skólaráði Hrafnagilsskóla 4. febrúar 2015

Mættir voru: Hrund Hlökkversdóttir, María Gunnarsdóttir, Adda Bára Hreiðarsdóttir, Auður Thorberg Jónasdóttir, Ísak Godsk Rögnvaldsson, Rögnvaldur Símonarson, Íris Katla Jónsdóttir og Margrét Aradóttir sem ritar fundargerð.

Fundur var settur kl. 15:00 og Hrund bauð alla velkomna.

Starfsáætlun og skólanámskrá Hrafnagilsskóla voru lögð fram til kynningar.

Fyrstu drög að skóladagatali 2015-2016 voru kynnt. Allt verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Komið hafa óskir um að hafa skólaslit að kvöldi og er stefnt að því. Reynt verður að vera samstíga leikskólanum þar sem það er hægt. Umræða varð um að færa árshátíð unglíngastígs og er það í athugun.

Út frá því spannst umræða um kostnað foreldra vegna árshátíða, barnmargar fjölskyldur kvarta yfir að þurfa að borga sig inn á allar árshátíðir og kannski liggur ekki nógu ljóst fyrir í hvað þessir peningar fara. Rætt um að setja ef til vill með í auglýsingar að peningarnir fari í að borga niður ferð 7. bekkjar í Reykjaskóla, í skíðaferðir og fl. Einnig mætti setja þessar upplýsingar með í fréttabréf skólans. Einnig var rætt um að kannski væri tímabært að breyta um veitingar á unglíngastígsárshátíðinni, hætta með kaffibrauð og hafa kannski snakk og eitthvað léttara í staðin.

Siðareglur um netnotkun og samskipti á netinu: Persónuvernd og viðmiðunarreglur SAFT gera ráð fyrir að hópmyndir úr skólastarfi sé í lagi að birta á opnum svæðum en myndir af einstökum og jafnvel nafngreindum börnum eigi betur heima á lokuðum svæðum. Kennarar hafa sumir tekið þá afstöðu að vera ekki facebookvinir nemenda og það er auðvitað aldurstakmark (13 ára) á hvenær börn mega eiga facebooksíður. Skólinn er með facebooksíðu sem tengd er síðu skólans. Hrafnagilsskóli er ekki með neinar siðareglur um samskipti á netinu frekar en aðrir skólar sem fundarmenn voru búnir að kanna.

Allir fundarmenn voru sammála um að siðareglur ættu að vera til – ekki boð og bönn heldur viðmiðunarreglur sem hægt væri að styðjast við í skólastarfinu. SAFT er með ágætar upplýsingar um góðar netvenjur og notkun samfélagsmiðla. Rætt var um að senda fyrirspurn til KÍ og SAFT um hvort siðareglur ættu ekki að vera til fyrir skóla og hvort þau félög hafi eitthvað gert í þeim málum.

Það eru tilmæli frá fundinum að fara að vinna að siðareglum fyrir Hrafnagilsskóla t.d. í hópi kennara, starfsfólks og skólasamfélagsins alls.

Umræða spannst um hvort ekki ætti að senda fundargerð til skólanefndar eða á netið en ákveðið var að setja fundargerðir á heimasíðu skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Næsti fundur er áætlaður 4. mars.